Umhverfisstofnun | Suðurlandsbraut 24 | Tel: +354 591-2000 | www.umhverfisstofnun.is
Environment Agency of Iceland | IS - 108 Reykjavík | Fax: +354 591-2020 | ust@umhverfisstofnun.is

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 18. mars 2014
Tilvísun: UST20131100067/gsá

**Staðfesting á úrbótum móttekin - máli lokið.**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 27. janúar 2014 þar sem **urðunarstað sveitarfélagsins Langanesbyggðar að Bakkafirði**, var veitt áminning vegna tveggja frávika sem fram komu í reglubundnu eftirliti þann 14. ágúst sl., hvað varðar að spilliefni voru geymd á staðnum, að hluta til í opnum körum og að nokkuð var um fokefni á svæðinu.

Þann 3. febrúar sl. barst Umhverfisstofnun bréf frá rekstraraðila þar sem fram kom að móttöku rafgeyma á urðunarstaðnum hafi verið hætt og er sú móttaka nú í áhaldahúsi sveitarfélagsins á Bakkafirði og sjá starfsmann þar um að koma þeim í eyðingu. Fokefni hafa verið fjarlægð af urðunarsvæðinu og hefur engin starfsemi verið þar síðan í febrúar 2013.

Lítur Umhverfisstofnun á þetta sem fullnægjandi úrbætur og mun ekki aðhafast frekar vegna fráviksins.

**Hér með staðfestist að urðunarstaður Langanesbyggðar að Bakkafirði hefur bætt úr þeim frávikum sem komu fram við reglubundið eftirlit ársins 2013.**

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Austurlands